



Reykjavík, 24.2.2021

USK2021010064

Skipulags- og samgönguráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innkaup umhverfis- og skipulagssviðs

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 14. janúar 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúa Flokks fólksins óar við öllum þessum innkaupum Umhverfis- og skipulagssviðs sem birt eru í yfirliti í ljósi þess að á sviðinu starfa ótal sérfræðingar. Nýlega var verið að ráða enn fleiri sérfræðinga. Samt sem áður eru nánast flest verkefni keypt út í bæ. Milljarðar streyma úr borgarsjóði í aðkeypta sérfræðivinnu sem skipulagsyfirvöld kaupa af sjálfstætt starfandi fyrirtækjum. Fulltrúi flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig samskiptum umhverfis- og skipulagssviðs (USK) er háttað við verkfræði-arkitektastofur.

Spurt er:

Hvernig er samskiptum við verkfræði-arkitektastofur háttað?

Óskað er eftir upplýsingum um tilboð- fasta samninga- magnafslætti?

Verið er að greiða verk- og arkitektastofum gríðarlegar upphæðir. Er ekki hægt að vinna nein þessara verkefna af sérfræðingum sviðsins?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

Umsögn:

Á umhverfis- og skipulagssviði er innkaupum á aðkeyptri ráðgjöf hagað í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar. Innkaup á ráðgjöf undir 5 milljónum króna fara að jafnaði fram í gegnum *Gagnvirkt innkaupakerfi um þjónustu sérfræðinga í tilteknum skipulags-, byggingar-, samgöngu-, umhverfis- og veitumálum fyrir Reykjavíkurborg*, útboð nr. 14344. Í samræmi við skilmála gagnvirka innkaupakerfisins, er á 3 – 6 mánaða fresti framkvæmt lokað útboð vegna einingaverða. Fyrir hvert verkefni er síðan þjónusta keypt af þeim aðila sem á lægsta gilda tilboð í hverjum tímaflokki hverju sinni. Fyrir innkaup yfir 5 milljónum er notast við verðfyrirspurnir eða útboð skv. innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Samskipti við ráðgjafa á verkfræði- og arkitektastofum eru aðallega í höndum þess verkefnastjóra sem stýrir verkefninu. Á umhverfis- og skipulagssviði starfa verkefnastjórar sem hafa umsjón með mörgum verkefnum á sínu sérsviði á sama tíma, verkefnastjórar sem stýra og rýna vinnu fjölmargra aðkeyptrra ráðgjafa m.a. í undirbúningsferli skipulags og framkvæmda. Því fer hvergi nærri að sviðið geti einungis með sínum mannafla séð um alla greiningar-, hönnunar- og skipulagsvinnu sem fram fer á vegum sviðsins.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,
Lilja Sigurbjörg Harðardóttir